



## Gerandi (eyðublað 4)

Dagsetning:	Nafn geranda:
Bekkur:	Umsjónarkennari:

Upplýsa að nemandi hafi verið áreittur sem er ekki leyfilegt í Víðistaðaskóla.  
Skoða viðbrögð:

Hver er þinn þáttur? Staðreynd sem sett er fram er ekki til rökræðu.

Hvað annað hefðir þú getað gert?

Hefur þú tekið eftir því að aðrir hafi verið að áreita viðkomandi?



Hvað dettur þér í hug að hægt sé að gera til þess að meint einelti hætti?

## Næstu skref

- Samtöl við meinta gerendur þurfa að eiga sér stað eins fljótt og auðið er. Nauðsynlegt er að afla sér vitneskju um málið áður en þeir eru boðaðir í viðtal.
- Í viðtölum við meinta gerendur eru alltaf tveir starfsmenn.
- Hefjið samtalið á ákveðinn en vingjarnlegan hátt. Mikilvægt er að gerandi finni stuðning í viðtalinu frá viðmælanda. Hann þarf að fá að vita að skólinn beri ábyrgð á að uppræta meint einelti.
- Það er lykilatriði að tala einslega við meinta gerendur. Aldrei að kalla til hóp meintra gerenda.
- Gæta þarf þess að meintir gerendur fái ekki tækifæri til þess að tala saman.
- Meintum geranda er gerð grein fyrir alvöru málsins.
- Mikilvægt er að hlusta vel á frásögn meints geranda og rökræða ekki.
- Markmið samtalsins er að meintur gerandi skuldbindi sig til þess að hætta áreitni og sýni jákvæða hegðun og stöðvi áreiti ef hann sér aðra stríða meintum þolanda.

## Eftirfylgni:

- Með þessum einstaklingsviðtölum er hægt að átta sig á tengslum innan hópsins og seinna meir hægt að byggja þau upp að nýju en þá með jákvæðum formerkjum.
  - Hver er líklegastur til samvinnu?
  - Hver er áhrifamestur í hópnum?
- Að nýta sér hugmyndir nemenda um hvernig eigi að stöðva eineltið.
- Hér er gott að virkja foreldra og fá þá í lið með sér til þess að styrkja jákvæð tengsl.



- Metið er hvaða aðstoð gerandi þarf til að vinna úr þessari reynslu.

Annað:

Haft samband við foreldra:

Dagsetning:

Undirskrift:

Afrit til Nemendaverndarráðs dags: